



### Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði

Náttúrufræði og samfélagsfræði samþættast öðrum námsgreinum, mest íslensku.

### Tímabil: Skólaárið 2024-2025

#### Námsmarkmið:

Að nemandi ...

- þekki einkenni og röð árstíða
- þekki röð mánaða
- þekki árstíð sem mánuðir tilheyra
- þekki einföld veðurtákn og hringrás vatns
- læri um ljós, skugga og spegla
- viti hvaða reglur gilda í umferðinni
- kynnist lífríkinu við strendur Akraness
- skilji hvernig fæðukeðja virkar
- kynnist helstu fuglategundum á Akranesi
- læri að flokka sorp og efla umhverfisvitund
- þekki sögu, helstu staði, kennileiti og örnefni á Akranesi
- læri um mikilvægi svefns og hollrar næringar

#### Verkefni:

- Þemað *Bærinn minn Akranes* og unnin verða fjölbreytt verkefni tengd heimabænum
- Vettvangsferðir

#### Námsefni/kennslugögn:

- Halló heimur
- *Sögubækur af bókasafni t.d. Á ferð og flugi með ömmu og Á ferð og flugi með ömmu í Akrafjalli*
- Uppflettibækur
- Ýmsar bækur um Akranes
- Bækur um fugla
- Bækur um lífríki í fjörunni

#### Námsmat

- Leiðsagnarmat
- Umsögn að vori

